

# Leiðbeiningar til fulltrúa í aðgengis- og samráðsnefnd

## Unnið úr samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og samþykkt aðgengis- og samráðsnefndar

### Dagskrá funda aðgengis- og samráðsnefndar

- Allir fulltrúar í aðgengis- og samráðsnefnd geta óskað eftir því að mál séu sett á dagskrá nefndarinnar. Dagskrá funda er ákveðin í samráði við starfsfólk frá mannréttindaskrifstofu Reykjavíkurborgar. Til þess að óska eftir því að mál séu sett á dagskrá er best að senda starfsmanni aðgengis- og samráðsnefndar skriflegt erindi á [tomas.ingi.adolfsson@reykjavik.is](mailto:tomas.ingi.adolfsson@reykjavik.is)

### Fundastjórn

- Formaður aðgengis- og samráðsnefndar stjórnar umræðum á fundum hennar. Hann setur fund, kannar lögmæti hans, stjórnar umræðum og afgreiðslu mála og slítur fundi þegar dagskrá hans er tæmd.
- Fulltrúar í aðgengis- og samráðsnefnd geta alltaf óskað þess að taka til máls á fundi en formaður nefndarinnar stjórnar umræðum hverju sinni. Í því felst meðal annars að stýra því hversu mikill tími fer í hvert mál og að umræður tengist því máli sem er til umfjöllunar hverju sinni á dagskránni.

### Hlutverk fulltrúa

- Fulltrúar kjósa um afgreiðslu mála og ákveða meðal annars hvernig því fjármagni sem aðgengis- og samráðsnefnd hefur til umráða vegna aðgengismála er ráðstafað. Ef meirihluti aðgengis- og samráðsnefndar er samþykktur afgreiðslu máls er um ákvörðun aðgengis- og samráðsnefndar að ræða.
- Fulltrúar í aðgengis- og samráðsnefnd geta lagt fram tillögur og bókanir sem tengjast þeim málum sem eru á dagskrá hverju sinni. Um bókanir og tillögur, [Sjá 26. og 27. gr. í samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar](#)
- Þess er óskað að bókanir berist starfsmanni nefndarinnar skriflega fyrir fund eða á fundi til þess að fundurinn gangi greiðlega fyrir sig.
- Tillögur fulltrúa um afgreiðslu mála geta borist munnlega undir hverjum lið á dagskrá.
- Allar fundargerðir eldri ferlinefndar [má finna hér á vef borgarinnar](#).
- Ef fulltrúar óska eftir því að fá frekari upplýsingar um einstök mál sem tekin hafa verið fyrir á fundum nefndarinnar áður, þá geta þeir alltaf sent starfsmanni aðgengis- og samráðsnefndar fyrirspurn.